

HPE-2016-01 Sævar rafdrifinn

Umsækjandi er Eyfar ehf. Hríseyjarferjan Sævar er í eigu Vegagerðarinnar, en Eyfar ehf., annast rekstur skipsins, samkvæmt sérstökum samningi. Ferjan var hönnuð og byggð sérstaklega til farþega- og vöruflutninga fyrir Hrísey, og hóf hún siglingar árið 2000. Sömu aðilar hafa annast rekstur ferjunnar frá upphafi og hafa því mikla reynslu á þessu sviði. Verkefnisstjóri er Þórhallur S. Bjarnason orku- og véltæknifræðingur, og hefur umsjón með úttektum, mælingum og öllum tæknilegum samskiptum sem tengjast verkefninu. Verkefnið gengur út á að láta gera hagkvæmnisathugun á því að rafvæða ferjuna Sævar. Bendi frumkönnun til að rafdrifin ferja fyrir Hrísey sé hagkvæmur kostur, verður ráðist í nánari hönnun og útfærslu á rafdrifnum drifbúnaði fyrir ferjuna. Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum byggðaverkefnisins sem lúta að umhverfismálum, samgöngubótum og ímyndarsköpun Hríseyjar sem náttúruparadísar.

Verkefninu var úthlutað 2.000.000 kr.- árið 2016.